


Frank Ponzi athugar þær margvíslegu skemmdir, sem komu í ljós, þegar málverkið var skilið frá blindrammanum (í baksýn)


sviði, var t.d. kallaður héðan til Flórenz eftir flóðin miklu þar árin 1966 — 67 til þess að taka þátt í björgun hinna frægu listaverka sem þar lágu undir skemmdum. Þangað voru sérfræðingar fengnir víða að til þess að vinna um tíma og er því verki hvergi nærri lokið enn.

Um tíma var Frank Ponzi listráðunautur Reykjavíkurborgar, eins og kunnugt er. Hann gerði við Kjarvals-myndirnar, sem viðgerðar þurftu við í safninu að Kjarvalsstöðum og gaf ráð um hvernig reka skyldi safnið. Nú er Frank Ponzi á förum til þess að skipuleggja mikla nútímalistsýningu í Kunsthaus safninu í Zürich, en þá sýningu á síðan að setja upp í Nationalgalerie safni Berlínarborgar.


Við heimsóttum Frank í vinnustofu hans, um það leyti, er hann var að leggja síðustu hönd á viðgerð altaristöflunnar í Dómkirkjunni og spurðum hann, hvað væri helzt um þessa töflu að segja.

„Altaristaflan var máluð í Danmörku fyrir kór Dómkirkjunnar og sett þar upp 1848. Hana gerði danski málarinn Gustav Theodor Wegener (1817 — 1877), er var af þekktri listamannaætt þar í landi. Sjálfur hlaut hann gullmedaliu árið 1845 í viðurkenningarskyni fyrir störf sín. Taflan er máluð í akademiskum stíl 19. aldar og má vissulega teljast gott verk á sinn máta, en er ekki síður verðmæt Íslendingum vegna sögulegs gildis. Innlendir listamenn hafa mál-

Myndin eins og hún var áður en viðgerð hófst. Hliðarbirta sýnir m.a. greinilega sprungur og för eftir þrjár bætur, sem límdar voru aftan á hana.



Hér sést efri rönd töflunnar, uppétin af myglu og tvær bætur úr segldúk sem límdar höfðu verið á kantinn svo hægt væri að festa málverkið á blindrammann.



DÓMKIRKJAN, ALTARISTAFLAN Í DÓMKIRKJUNNI OG ÞJÓÐMINJAR


Hulda Valtýsdóttir ræðir við

Frank Ponzi, listfræðing

EINS og kunnugt er standa nú yfir viðgerðir á Dómkirkjunni í Reykjavík og á m.a. að mála hana að innan í hólf og gólf. Í ljós kom, að altaristaflan í Dómkirkjunni var stórlega skemmd og var Frank Ponzi, listfræðingur, fenginn til að annast viðgerðir á töflunni.

Frank Ponzi er löngu nafnkunnur maður hérlendis, ekki síst meðal listamanna. Hann er ítalskur að ætt, ólst upp í Bandaríkjunum við ítalska siði, en er menntaður í listsögu og safnfræði frá háskólanum í Oxford í Englandi.

Áður en hann fluttist til Íslands, vann hann við listasöfn bæði vestan hafs og austan (m.a. við hið fræga safn Guggenheim í New York). Hann hefur löngum getið sér góðan orðstír á sínu



Bakhlið töflunnar, sem sýnir bót efst í miðju og myglubletti.



Mygluskaðinn á léreftinu sést eftir að miðbótin náðist af.